

## Félagsmálaráðuneytið

---

### M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Velferðarnefnd Alþingis**  
Sendandi: **Félagsmálaráðuneyti; skrifstofa barna- og fjölskyldumála**  
Dagsetning: **20.12.2021**  
Málsnúmer: **FRN21110171**  
Bréfalykill: **02.11.01**

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Barna- og fjölskyldustofu og lögum um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (flutningur starfsmanna)

Við er til umsagnar Bandalags háskólamanna, dags. 20. desember 2021, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Barna- og fjölskyldustofu og lögum um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (flutningur starfsmanna). 152. lögþ. 2021-2022. Þingskjal 196-188. mál.

Vegna umsagnarinnar vill félagsmálaráðuneytið áréttta að þótt nýjar stofnanir, Barna- og fjölskyldustofa og Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, séu byggðar á grunni Barnaverndarstofu og Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar felast þó nokkur nýmæli í því að þær taki til starfa.

Barna- og fjölskyldustofa tekur við meiri hluta verkefna Barnaverndarstofu en hluti þeirra flyst til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála. Báðar nýju stofnanir fá verkefni sem engin stofnun hefur sinnt áður. Breytingarnar leiða til fjölgunar stöðugilda og starfsmanna, eins og fjallað er um í frumvarpinu.

Af þessu leiðir til dæmis að gildandi skipurit Barnaverndarstofu hentar ekki fyrir nýja stofnun. Því er ljóst að gera verður breytingar á yfirstjórn og sviðum stofnunarinnar og búa til nýtt skipurit fyrir hana en í því felst óhjákvæmilega að gera verður breytingar á verkefnum einhverra starfsmanna. Þá færast verkefni til og ljóst að sumir starfsmenn Barnaverndarstofu, sem nú sinna verkefnum sem flytjast frá stofnuninni og hafa óskað eftir að fá að starfa hjá Barna- og fjölskyldustofu, fá önnur verkefni eftir áramót en þeir hafa sinnt hingað til.

Að mati félagsmálaráðuneytisins er nauðsynlegt að til staðar sé svigrúm til að móta skipurit og skipulag nýrra stofnana með hliðsjón af nýjum verkefnum. Er því ekki rétt að skylda nýju stofnanirnar til að bjóða öllum starfsmönnum óbreytt verkefni miðað við það sem þeir hafa sinnt hingað til.

Af hálfu ráðuneytisins er þó lögð rík áhersla á að engum starfsmanni Barnaverndarstofu og Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar verður sagt upp um áramótin á þeim grundvelli að starf hans hafi verið lagt niður.

Þá er árétttað að í frumvarpinu kemur fram að ráðningarkjör starfsmanna verða þau sömu hjá nýjum stofnunum og ráðningarkjör þeirra hjá Barnaverndarstofu og Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar.